

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/685**

2021/EES/71/35

frá 22. apríl 2021

**um leiðréttingu á pólsku útgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91<sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 17. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í pólsku útgáfunni af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 <sup>(2)</sup> er villa í 1. lið a-liðar M.A.201 í I. viðauka og í 1. lið a-liðar ML.A.201 í V. viðauka b að því er varðar gildissvið krafanna sem á að uppfylla áður en flug getur átt sér stað. Í 3. lið a-liðar M.A.201 í I. viðauka, inngangsorðum M.A.901 í I. viðauka, 3. lið a-liðar ML.A.201 í V. viðauka b og inngangsorðum ML.A.901 í V. viðauka b er villa að því er varðar lofthæfivottorðið. Í e-lið M.A.302 í I. viðauka er villa að því er varðar að lengja tímanna á milli viðhaldsverkefna, sem eigandinn eða fyrirtækið sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfars, kann að leggja til. Í e-lið M.A.402 í I. viðauka og 5. lið b-liðar ML.A.402 í V. viðauka b er villa að því er varðar þær takmarkanir sem viðhald er framkvæmt innan. Í f-lið M.A.901 í I. viðauka er villa að því er varðar möguleikann á því að framlengja gildistíma lofthæfistaðfestingarvottorðs. Í EASA-eyðublöðum nr. 15a, 15b og 15c í III. viðbæti við I. viðauka og IV. viðbæti við V. viðauka b eru villur að því er varðar dagsetninguna sem vísar til útgáfu vottorðsins og í öðrum málslíð c-liðar 145.A.55 í II. viðauka er villa að því er varðar umfang skuldbindinga viðhaldsfyrirtækisins um að varðveita afrit af skráum.
- 2) Í pólsku útgáfunni af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 eru enn fremur villur í b-lið M.A.201 í I. viðauka, í öðrum undirlið 3. liðar í I. viðbæti við I. viðauka, í ii. lið 3. liðar c-liðar ML.1 í V. viðauka b, í b-lið ML.A.201 í V. viðauka b, í 2. lið c-liðar í I. viðbæti við V. viðauka b og ii. lið 2. liðar í CAO.1 í V. viðauka d að því er varðar tilvísanir til leigu loftfars og leigutaka loftfars.
- 3) Því ætti að leiðrétta pólsku útgáfuna af reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

*(Á ekki við um íslensku útgáfuna).*

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 143, 27.4.2021, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 258/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjttíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. apríl 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---